

Fimmtudaginn 14. október 1993.

Nr. 235/1991. **Hagkaup hf.**

(Helgi V. Jónsson hrl.)

gegn

Sævari Baldurssyni

(Ólafur Garðarsson hrl.) og

gagnsök.

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Gunnar M. Guðmundsson og Garðar Gíslason og Björn Þ. Guðmundsson prófessor.

Aðaláfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní 1991, krefst þess, að hann verði sýknaður af öllum kröfum gagnáfrýjanda, en til vara, að hann verði einungis dæmdur til að greiða höfuðstól víxilsins. Hann krefst og málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. desember 1991 að fengnu áfrýjunarleyfi 11. nóvember sama ár. Hann krefst þess, að aðaláfrýjanda verði gert að greiða sér 375.677 krónur með dráttarvöxtum frá 15. desember 1988 til greiðsludags svo og málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

I.

Gagnáfrýjandi reisir kröfur sínar á víxli, út gefnum af sér, en samþykktum af aðaláfrýjanda.

Ýtarleg rannsókn fór fram af hálfu Rannsóknarlögreglu ríkisins í framhaldi af kæru aðaláfrýjanda 24. október 1989 vegna hvarfs víxileyðublaðs eins og þess, er mál þetta fjallar um.

Rannsóknin hófst, er gagnáfrýjandi kom til skýrslugjafar 16. febrúar 1990, og stóð allt til 11. mars 1991. Hann hafði höfðað mál fyrir héraðsdómi til innheimtu víxilsins 20. júní 1989, en eftir skýrslugjöfina hafði hann samband við þáverandi lögmann sinn og bað hann fella málið niður í bæjarþinginu. Var það gert þar með sátt 20. febrúar 1990.

Í skýrslu sinni 16. febrúar 1990 kvaðst gagnáfrýjandi hafa fengið „víxilinn“ hjá nafngreindum manni í viðskiptum í desember 1988,

um það leyti, er hann var í gjalddaga, og hafi maður þessi greitt með honum fatalager. Hann hafi farið með „víxillinn“ til lögfræðings, sem hafi sagt sér að rita á hann sem útgefandi, og hafi hann gert það, „enda taldi ég mig lögmætan eiganda hans og að hafa fengið hann á eðlilegan máta sem greiðslu í viðskiptum“, eins og bókað var. Síðar kom í ljós, að þessi frásögn hans stóðst ekki, þar sem maður þessi hafði ekki verið á landinu á þessum tíma. Gagnáfrýjandi breytti þá framburði sínum 7. maí 1990, og var þá bókað: „Eftir nokkra umhugsun telur mætti þá varla komið annað til greina en að þessi víxill hafi komið í sína vörslu í gegnum viðskipti, sem hann hefur gert við hina og þessa aðila á árinu 1988. Hann kveðst ekki vera viss um, frá hverjum hann hafi fengið hann, og treystir sér ekki að nefna neinn ákveðinn í því sambandi“ Gagnáfrýjandi bætti við, að hann hefði á umræddu tímabili, þ. e. frá því síðla árs 1988, haft viðskiptasambönd við tilgreindan mann, sem rak verslun á Ísafirði með smávörur o. fl., svo og enn annan tilgreindan mann.

Við eftirgrennsan Rannsóknarlögreglu ríkisins kannaðist síðastgreindur maður ekkert við að hafa átt viðskipti við gagnáfrýjanda á þessum tíma, en umræddur maður á Ísafirði lést 19. janúar 1990.

Staðfest var af hálfu forsvarsmanns Stjörnusalats, að í viðskiptum við aðaláfrýjanda og aðra, sem keyptu af fyrirtækinu hrásalat, hafi verið hafður sá háttur á, að útbúnir voru víxlar með útfylltum upphæðum, útgáfudögum og gjalddögum og sendir í almennum pósti til samþykktar. Aðaláfrýjandi hafi sent slíka víxla samþykktar til baka, en þetta víxileyðublað hafi aldrei borist Stjörnusalati í pósti. Hafi aðaláfrýjandi því greitt fjárhæðina, 375.677 krónur, með tékka 19. desember 1988, eftir að víxileyðublaðið hvarf. Lögð hefur verið fram í málinu kvittun fyrir greiðslunni, þar sem segir m.a.: „Hagkaup hefur í dag greitt Stjörnusalati vegna víxils með gjalddaga 15. 12., sem ekki komst til skila. Víxillinn sendist Hagkaup þegar hann finnst.“ Starfsstöð Stjörnusalats er að Laugarnesvegi 52, Reykjavík, en heimilisfang gagnáfrýjanda að Laugavegi 52, Reykjavík.

II.

Aðaláfrýjandi telur, að sú meðferð víxileyðublaðsins, sem að framan er lýst, geti ekki skapað gagnáfrýjanda víxilrétt, enda sé

hann rangur aðili til að gera kröfur á grundvelli þess. Honum hafi borið að skila „víxlinum“ skv. 2. mgr. 16. gr. víxillaga nr. 93/1933, þar sem hann hafi vitað eða mátt vita, að „víxillinn“ hafi komist úr vörslum réttis aðila, og því ekki verið í góðri trú, er hann gaf hann út.

Gagnáfrýjandi mótmælir því, að þessi vörn aðaláfrýjanda komi til álita, sbr. 208. gr. laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði.

III.

Í máli þessu hafa aðaláfrýjandi og forsvarsmaður Stjórnusalats gert glögga grein fyrir notkun víxla í viðskiptum sínum og hvernig einn óútgefinn víxill, hliðstæður þeim, er gagnáfrýjandi fékk í hendur og mál þetta varðar, komst ekki til skila.

Eins og framangreindar skýrslur bera með sér, hefur gagnáfrýjandi ekki getað upplýst, frá hverjum hann fékk víxileyðublaðið. Þvert á móti reyndust upplýsingar, sem hann hafði fram að færa í því efni, með öllu haldlausar. Hann hefur því ekki sannað, að hann sé löglega að víxlinum kominn, og getur þess vegna engar kröfur gert samkvæmt honum. Ber því að sýkna aðaláfrýjanda af öllum kröfum gagnáfrýjanda.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, er ákveðst 150.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Aðaláfrýjandi, Hagkaup hf., skal vera sýkn af kröfum gagnáfrýjanda, Sævars Baldurssonar, í máli þessu.

Gagnáfrýjandi greiði aðaláfrýjanda 150.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 26. apríl 1991.

Mál þetta, sem dómtekið var 4. apríl sl., höfðaði Ólafur Garðarsson hdl. f. h. Sævars Baldurssonar, kt. 160447-3899, Laugavegi 52, Reykjavík, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 13. ágúst 1990, gegn Hagkaupum hf., kt. 671280-0169, Skeifunni 15, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða 375.677 kr. ásamt [dráttarvöxtum og málskostnaði].

Dómkröfur stefnda eru aðallega krafa um sýknu af kröfum stefnanda. Til vara er þess krafist, að stefndi verði einungis dæmdur til að greiða höfuðstól stefnukröfunnar, og til þrautavara er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða höfuðstól stefnukröfu með vöxtum frá þingfestingardegi, 13. sept. 1990. Í öllum tilvikum er þess krafist, að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað skv. gjaldskrá LMFÍ. Þess er krafist, að málskostnaður beri dráttarvexti skv. III. kafla 1. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags. Dráttarvextir af málskostnaði leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti í samræmi við 12. grein laganna.

Leitað hefur verið um sáttir í málinu án árangurs.

Í rekstri málsins hefur verið kveðinn upp úrskurður, þar sem frávísunar-krafa stefnda vegna vanreifunar málsins var ekki tekin til greina.

Málavextir, málsástæður og rökstuðningur aðila.

Mál þetta höfðar stefnandi til greiðslu skuldar samkvæmt víxli, samþykktum af stefnda, með gjalddaga 15. des. 1988, að fjárhæð 375.677 kr., til greiðslu í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, Reykjavík. Vixillinn, sem er án afsagnar, er út gefinn af stefnanda með útgáfudegi 1. nóv. 1988 og framseldur af útgefanda.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að víxill sá, sem kafið er um greiðslu á með málsókn þessari, sé til kominn vegna viðskipta stefnda við fyrirtækið Stjörnusalat, Laugarnesvegi 52, hér í borg. Í nóvember 1988 hafi Stjörnusalat sent stefnda í pósti víxileyðublað, sem vélritaður hafði verið á útgáfudagurinn 1. 11. 1988, gjalddagi 15. 12. 1988, fjárhæðin 375.677 kr. og nafn stefnda sem greiðanda. Eyðublaðið hafi verið samþykkt af stefnda og sent Stjörnusalati í pósti. Að sögn forsvarsmanns Stjörnusalats hafi víxileyðublaðið aldrei komist til skila. Stefndi hafi ekki fengið tilkynningu fyrir gjalddaga þann, sem vera átti á víxlinum, frá Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, en þar hafi víxillinn átt að greiða. Hafi stefndi því greitt Stjörnusalati áður nefnda fjárhæð 19. des. 1988. Síðar hafi komið í ljós, að víxill sá, sem krafist er greiðslu á í málinu, hafi aldrei verið til innheimtu í sparisjóðnum.

Í febrúar 1989 fékk stefndi innheimtubréf frá lögmanni stefnanda, þar sem kafið var um greiðslu víxils. Þessari innheimtutilraun stefnanda lauk svo, að mál, sem stefnandi hafði höfðað til heimtu kröfunnar, var hafið 1. mars 1990 að ósk stefnanda og gerð sátt, þar sem stefnandi lofaði að greiða stefnda 45.000 kr. í málskostnað.

Hinn 24. október 1989 kærði stefndi mál þetta til Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að hér sé einfaldlega verið að krefjast greiðslu samkvæmt vixli, sem stefnandi á. Hvort stefndi telji sig hafa týnt víxileyðublaði einhvern tíma haustið 1988, skipti ekki máli fyrir úrlausn þessa máls. Stefnandi vísar til 208. gr. l. nr. 85/1936, en þar er talið, hvaða varnir um efni máls varnaraðili geti haft uppi. Því sé þess vegna mótmælt, að varnir stefnda fái komist að í þessu máli. Tilraunir stefnda til að sýna fram á, að „horfna víxileyðublaðið“ sé sama víxileyðublað og mál þetta er sprottið af, hafi ekki borið árangur. Þaðan af síður hafi rannsókn Rannsóknarlögreglu ríkisins leitt eitthvað athugavert í ljós við víxilinn.

Um þrautavarakröfu stefnda er bent á þá staðreynd, að stefnda hafi verið kunnugt um víxilkröfuna í síðasta lagi í febrúar 1989, er hann hafi fengið innheimtubréf lögmanns stefnanda. Það sé því ljóst, að víxilkrafan beri a. m. k. dráttarvexti frá því í febrúar 1989.

Um rökstuðning af hálfu stefnanda er vísað í 17. og 20. kafla l. nr. 85/1936, 3. kafla l. nr. 25/1987, 175. gr. l. nr. 85/1936, sbr. 21. gr. l. nr. 54/1988 og l. nr. 93/1933. Vegna þrautavarakröfu stefnda er jafnframt bent á l. nr. 9/1978.

Stefndi rökstyður sýknukröfu sína með því, að stefndi hafi aldrei samþykkt víxil, sem gefinn hafi verið út af stefnanda. Stefnandi sé rangur aðili til að gera kröfu á grundvelli víxilsins. Samkvæmt 3. mgr. 16. gr. víxillaga hafi honum borið að skila víxlinum, þar sem hann hafi vitað eða mátt vita, þegar hann fékk víxilinn í hendur, að hann hefði komist úr vörslum réttra aðila. Telur stefndi, að stefnandi hafi ekki verið í góðri trú, þegar hann gaf út víxilinn, og hafi hann a. m. k. sýnt af sér stórfellt gáleysi, þegar hann tók við honum.

Varakrafa stefnda er á því reist, að víxillinn hafi ekki verið sýndur til greiðslu á gjalddaga, og eigi stefnandi því ekki rétt á dráttarvöxtum, eigi hann í raun kröfu samkvæmt víxlinum.

Niðurstaða.

Stefnandi hefur lagt fram sem dskj. 14 endurrit af skýrslum Rannsóknarlögreglu ríkisins vegna kæru lögmanns stefnda 24. okt. 1989 vegna hvarfs á víxileyðublaði, samþykktu af stefnda, dagsettu 1. nóv. 1988, með gjalddaga 15. des. 1988, en án útgefanda og að fjárhæð 375.677 kr. Samkvæmt endurriti þessu fór fyrsta yfirheyrsla fyrir rannsóknarlögreglu fram 16. febrúar 1990 og hin síðasta 11. mars 1991. Stefnandi gaf fimm sinnum skýrslur hjá RLR vegna málsins. Hann tilgreindi þrjá aðila, sem hugsanlega hefðu afhent sér víxilinn, sem málið er af risið. Tveir þeirra neituðu, og hinn þriðji er látinn.

Stefnandi gaf skýrslu hér fyrir dómi, áður en málið var munnlega

flutt, og bar þar á svipaðan hátt og fyrir Rannsóknarlögreglu ríkisins.

Þegar virt er það, sem fram kom við rannsókn Rannsóknarlögreglu ríkisins, og litið til þess, að ekkert hefur komið fram um það, að höfðað verði mál vegna hvarfs víxilblaðsins, verður ekki talið, að um sé að ræða skilyrði 2. mgr. 117. gr. 1. nr. 85/1936, til þess að dómariinn fresti málinu frekar.

Gegn andmælum stefnanda verður að telja ósannað, að stefnandi hafi ekki verið í góðri trú, þegar hann fékk víxilinn í hendur og þá er hann gaf hann út.

Stefnandi reisir kröfur sínar á lögformlegum víxli, sem hann er handhafi að. Það, að stefndi samþykkti víxilinn óútgefinn og stefnandi ritaði á hann sem útgefandi án samráðs við stefnda, er ekki varnarástæða skv. 208. gr. 1. nr. 85/1936.

Niðurstaða málsins verður því sú, að stefndi verður dæmdur til að greiða stefnanda víxilfjárhæðina, en þegar litið er til þess, sem að framan hefur verið rakið um málsatvik, þykir stefndi ekki verða dæmdur til að greiða umkrafða dráttarvexti fyrr en frá birtingardegi stefnu í máli þessu, 16. ágúst 1990, til greiðsludags.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður falli niður.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Hagkaup hf., greiði stefnanda, Sævari Baldurssyni, 375.677 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr. 1. nr. 25/1987 frá 16. ágúst 1990 til greiðsludags. Málskostnaður fellur niður.
